



## Foreldraverðlaunin 2009



Foreldraverðlaun Heimilis og skóla – landssamtaka foreldra voru afhent í 14. sinn 4. júní sl. í Þjóðmenningarhúsi við Hverfisgötu. Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra afhenti verðlaunin.

**Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskrifstofa A- Húnavatnssýslu** hljóta *Foreldraverðlaunin 2009* fyrir verkefnið *Tökum saman höndum*. Markmið verkefnisins er að bæta líðan og námsárangur nemenda í unglingadeild grunnskólans á Blönduósi.

Auk Foreldraverðlaunanna sjálfra voru veitt hvatningarverðlaun og dugnaðarforkaverðlaun.

Hvatningarverðlaunin hlaut **Samstarfsverkefni Kópavogsskóla og Gjábakka**. Markmið verkefnis er að brúa bilið á milli kynslóða.

Dugnaðarforkurinn er **Björg Þorvaldsdóttir** deildarstjóri sérkennslu við Nesskóla Neskaupsstað.

38 tilnefningar bárust til verðlaunanna að þessu sinni og voru 34 verkefni tilnefnd. Hægt er að skoða allar tilnefningarnar hér.

## Könnun fyrir foreldra grunnskólabarna 2009

Heimili og skóli – landssamtök foreldra leituðu eftir rödd foreldra með því að leggja fyrir könnun þar sem meðal annars var leitað eftir viðhorfum foreldra til styttingar skólaársins og hvaða málefni foreldrar telji brýnast að Heimili og skóli standi vörð um. Rúmlega 2800 einstaklingar svöruðu og færum við foreldrum bestu þakkir fyrir jákvæð viðbrögð við könnuninni. Við munum fara vandlega yfir niðurstöðurnar og styðjast við þær í starfi okkar við að koma sjónarmiðum foreldra á framfæri við menntayfirvöld varðandi ákvarðanir og stefnumótun um skóla- og uppeldismál. Stefnt er að því fylgja þessari litlu könnun eftir með stærri og ítarlegri skoðanakönnun með haustinu.

Grunnskólinn á Blönduósi og Fræðsluskrifstofa A- Húnavatnssýslu hlýtur Foreldraverðlaunin 2009. Á myndinni eru Anna Margrét Valgeirsdóttir umsjónarkennari 10. bekkjar, Guðjón Ólafsson fræðslustjóri, Þórhalla Guðbjartsdóttir skólalastjóri Grunnskólans á Blönduósi, Sjöfn Þórðardóttir formaður Heimilis og skóla og Björk Einisdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla.



Búið er að stofna Ungmennaráð SAFT og samanstendur það af 11 ungmennum á aldrinum 12-18 ára sem koma alls staðar að af landinu.

Fyrsta verk ráðsins verður að velja sér logo úr innsendum tillögum. Einnig hafa þau það verkefni að skipuleggja samræmda þemaviku í grunnskólum landsins um öryggi á netinu. Ráðið heldur úti Facebook og MySpace síðum. Þá munu tvö ungmenni fara til Luxemborgar í október og sitja evrópskt þing ungmenna.

## Gleðilegt sumar

Njótum sumarsins með börnunum okkar. Börnin þurfa að finna við foreldranir viljum og okkur langi til að verja tíma með þeim. Leggjum okkur fram við að hafa gaman saman.

Skemmtum okkur saman í sumar.